

## Búlandsvirkjun

## Minnisblað

### Helstu staðreyndir

- Framkvæmdaaðili Búlandsvirkjunar er Suðurorka ehf., sem er í jafnri eigu Íslenskrar Orkuvirkjunar ehf. og HS Orku hf.
- Áætluð stærð Búlandsvirkjunar er 150 MW. Áætluð framleiðslugeta Búlandsvirkjunar er um 1000 GWh, sem yrði um. 6% viðbót við núverandi framleiðslugetu íslenska raforkukerfisins.
- Suðurorka er með samninga við landeigendur með ríflega 95% vatnsréttinda og stóran hluta þess lands sem virkjunin þarf. Öllum landeigendum standa til boða sömu samningar.
- Landeigendasamningar kveða á um árlegar, stighækkandi greiðslur til landeigenda í hlutfalli við tekjur af raforkusölu frá virkjuninni. Greiðslur á fyrsta ári eru áætlaðar um 100 Mkr.
- Suðurorka fékk rannsóknarleyfi á vatnasviði Skaftár og Tungufljóts árið 2010 og sinnir ýmsum almennum vatnarannsóknum á svæðinu á grundvelli þess.
- Búlandsvirkjun er utan Vatnajökulsþjóðgarðs og langt utan svæðanna Langisjór og Eldgjá sem nýlega hafa verið friðlýst.
- Landsvirkjun og Rarik rannsökuðu virkjunarkostinn frá 1998 og luku frumhönnun.
- Suðurorka ehf. keypti öll rannsóknargögn sem tengjast virkjuninni árið 2009.
- Suðurorka hefur lokið endurskoðun frumhönnunar með hliðsjón af aurburði og staðfest að virkjunin er fýsileg.
- Búlandsvirkjun er á aðalskipulagi Skaftárhrepps frá 2011 sem staðfest var af núverandi umhverfis- og auðlindaráðherra.
- Skipulagsstofnun hefur í kjölfar almenns samráðsferlis samþykkt matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Búlandsvirkjunar.
- Suðurorka jók hlutafé sitt um 180 Mkr og hóf rannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum Búlandsvirkjunar á árinu 2012.
- Vettvangsvinnu rannsókna vegna mats á umhverfisáhrifum er að mestu lokið og frummatsskýrsla verður tilbúin í drögum fyrir áramót og lýkur um mitt ár 2013. Rannsóknarverktakar eru Náttúrfræðistofnun Íslands, Veiðimálastofnun, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Sustainability and tourism research, Fornleifastofnun Íslands, Mannvit og Almenna verkfræðistofan.
- Búið er að nota um 500 Mkr í þróun á verkefninu.
- Framkvæmdaþættir og kennistærðir

Afl	Allt að 150 MW
Vatnasvið	1102 km <sup>2</sup>
Orkugeta	Allt að 1050 GWh/ári
Rennsli til virkjunar	101 m <sup>3</sup> /s
Yfirfallshæð í virkjun	311 m y.s.
Flatarmál lóna	9,2 km <sup>2</sup>
Fallhæð	190 m
Miðlun	110 GI
Lengd ganga	10,6 km
Lengd stíflna	1200 m
Mesta hæð stíflu	68 m
Lengd skurða	1700 m



## Nokkur lykiltríði um Búlandsvirkjun

- Áætluð fasteignagjöld af virkjun eru um 30 Mkr sem væri nálægt tvöföldun fasteignagjalda í sveitarfélaginu Skaftárhreppi og 7 ný störf skapast í hreppnum auk kaupa á ýmis konar þjónustu af heimamönnum.
- Talið er að virkjunarframkvæmdir taki u.þ.b. 3 ár með samtals um 700 ársverk.
- Ætla má að Búlandsvirkjun með landeigendasamningum þar sem auðlindagjöld eru greidd allan samningstímann skapi meiri svæðisbundinn hagvöxt en hefðbundin virkjunarverkefni þar sem virkjunaraðili kaupir vatnsréttindi í upphafi. Þá eru auðlindagjöldin umtalsvert hærri en hefðbundin kaup á vatnsréttindum í vatnsafli á Íslandi. Virkjunin er frekar stór og landeigendur munu njóta fyrirsjáanlegrar hækkunar á raforkuverði í auðlindagjöldum.
- Fjölgun stórra vatnsaflsvirkjana með miðlun og yfirafli eru nauðsynlegar til að tryggja raforkuöryggi í íslenska raforkukerfinu. Búlandsvirkjun hentar vel til að auka raforkuöryggi á Íslandi.
- Lágt raforkuverð á Íslandi byggir á því að virkjaðar eru stærri og hagkvæmar virkjanir sem auk þess að þjóna út hefðbundinn afskrifatíma verða til reiðu fyrir komandi kynslóðir til hagnýtingar, eins og t.d. hefur gerst með Sogsvirkjanir.
- Eins og sjá má af töflunni hér að neðan þá ná eftirtaldar fimm virkjanir, sömu framleiðslugetu og Búlandsvirkjun ein og sér. Afar líklegt er að fimm fyrstnefndu virkjunarkostirnir hafi samanlagt í för með sér meiri neikvæð umhverfisáhrif en Búlandsvirkjun ein og sér.

<b>Virkjunarkostur</b>	<b>Framleiðslugeta (GWh)</b>
Villinganesvirkjun	237
Hagavatnsvirkjun	140
Skrokkölduvirkjun	215
Hvalárvirkjun	259
Hvítá í Borgarfirði	125
<b>Samtals</b>	<b>976</b>
<b>Búlandsvirkjun</b>	<b>970</b>

Í ljósi þessa blasir við að Alþingi þarf að taka tillit til þessa atriðis þegar virkjunarkostir verða endanlega flokkaðir og jafna hlut stærri virkjunarkosta. Þannig má tryggja að orkuöflun hafi sem minnst umhverfisáhrif þegar á heildina er litið.

- Verði Búlandsvirkjun ekki flokkuð í nýtingarflokk munu rannsóknir og hönnun tefjast og þar með mögulegar framkvæmdir. Á meðan er sveitarfélagið Skaftárhreppur að keppast við að ná endum saman og sporna við fækkun íbúa.
- Búlandsvirkjun er einn mest rannsakaði virkjunarkostur á landinu og liggja fyrir 27 sérfræðiskýrslur um virkjunarkostinn.




## Staðreyndir um rammaáætlun

Suðurorka er ósátt við flokkun Búlandsvirkjunar í þingsályktunartillögunni um rammaáætlun. Suðurorka er ósátt við þau vinnubrögð sem leiddu til þess að Búlandsvirkjun var án fullnægjandi skýringa sett í biðflokk. Í eftirfarandi eru nokkur atriði sem skipta máli:


- Rökstuðningur flokkunar Búlandsvirkjunar um að kosturinn væri seint fram kominn er vísbending um að verkefnisstjórn hafði ekki haft stjórn á afgreiðslu erinda og dreifingu gagna innan verkefnisins. Gögn frá Suðurorku voru nægjanlega snemma fram komin. Gögn staðfesta það.
- Rökstuðningur um að erfitt hefði verið að meta kostinn vísar til þess að faghópur 1 og 2 höfðu völdu aðferðir sem hentuðu ekki verkefninu og flæktust í eigin ákvörðunum.
- Rökstuðningur um að frekari upplýsingar vanti vísar til þess að gerðar hafi verið kröfur um, að minnsta kosti fyrir suma virkjunarkosti, að mati á umhverfisáhrifum þyrfti að vera lokið. En ekki stóð til að gera svo stranga gagnakröfur í vinnu rammaáætlunar. Margir aðrir kostir voru settir í nýtingarflokk þrátt fyrir að hafa verið minna rannsakaðir.
- Búlandsvirkjun var metin í 1. áfanga rammaáætlunar með góða gagnaekinn og síðan hefur rannsóknunum verið haldið áfram. Að 15 ára rannsóknir og 27 sérfræðiskýrslur hafi ekki gefið fullnægjandi gögn fyrir rammaáætlun sýnir að þetta er fyrirláttur.
- Suðurorka átelur þau vinnubrögð að byggðamál væru ekki með í röðun kosta en eðlilegt hefði verið að faghópur 3 um þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaðróun hefði fjallað um og skilað faglegri niðurstöðu um það mál. Því hvílir á þingmönnum að tryggja hagsmuni byggða- og atvinnumála í afgreiðslu rammaáætlunar.
- Tryggja þarf aukna fagmennsku í fagvinnu og verkefnastjórn rammaáætlunar svo einkasjónarmið verkmanna spilli ekki faglegum niðurstöðum.
- Opna þarf fyrir endurskoðun flokkunar rammaáætlunar eftir því sem rannsóknargögn virkjunarkosta í biðflokki gefa tilefni til endurflokkunar virkjunarkosta líkt og gert er í norsku rammaáætluninni. Viðvarandi óvissa vegna rammaáætlunar er mjög kostnaðarsöm.
- Ótækt er að bíða flokkunar rammaáætlunar í áráraðir með tilbúna virkjunarkosti sem styðja við atvinnu- og raforkuöryggi í landinu.

Suðurorka fer fram á að Búlandsvirkjun verði sett í nýtingarflokk við afgreiðslu þingsályktunartillögu um rammaáætlun sem nú er komin til Alþingis til afgreiðslu og staðhæfir að fyrir því séu allar faglegar forsendur sem hugsast geti. Rammaáætlun er ekki vettvangurinn til að stýra tímasetningum virkjunarframkvæmda heldur veiting virkjunarleyfa.





- Stöðvarhús
- Yfirfall eða loka
- Slóði (fyrirhugaður)
- Botnrás
- Stíflur og garðar
- Vegur (fyrirhugaður)
- Jarðgöng
- Gúmmilokur
- Vegur (núverandi)
- Veitulón
- Skurðir og dýpkun



**Búlandsvirkjun**  
Endurskoðun frumhönnunar  
veitumannvirkja

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf  
Hnitakerfi: ISN93  
Verknúmer: 5-841-205  
Teiknað: STT  
Dags.: 13.09.2012

